

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 1216/2003**2006/EES/30/49**

frá 7. júlí 2003

um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 450/2003 um vísitölu launakostnaðar (*)FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 450/2003 frá 27. febrúar 2003 um vísitölu launakostnaðar (¹), einkum 11. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Árstíðar- og vinnutímaleiðréttingar á vísitölu launakostnaðar eru mikilvægur hluti af samantekt vísitölnunnar. Með leiðréttum röðum er mögulegt að bera saman niðurstöður og túlka vísitöluna á skiljanlegan hátt.
- 2) Ef afhendingarsnið er fyrir fram ákveðið fækkar þeim vandamálum sem koma upp við afhendingu gagna og, ásamt stöðluðum gæðaskýrslum, bætir það túlkun og gerir vísitölu launakostnaðar fljótvirkari í notkun.
- 3) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit hagskýrsluáætlunarnefndarinnar.
- 4) Samkvæmt 9. gr. reglugerðar (EB) nr. 450/2003 skal veita tilteknar undanþágur frá reglugerð (EB) nr. 450/2003,

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.***Aðferðir til afhendingar og leiðréttingar**

1. Aðildarríkin skulu afhenda vísitölur og lýsigögn til framkvæmdastjórnarinnar (Hagstofu Evrópubandalaganna) á rafrænu formi. Afhendingin skal vera í samræmi við viðeigandi staðla um gagnaskipti sem hagskýrsluáætlunarnefndin hefur samþykkt. Hagstofa Evrópubandalaganna skal koma á framfæri ítarlegum gögnum varðandi samþykktu staðla og veita viðmiðunarreglur um hvernig skuli beita þessum stöðlum.

2. Afhentar vísitölur og lýsigögn skal vinna þannig að túlka megi niðurstöður nákvæmlega og beita megi aðferðum framkvæmdastjórnarinnar (Hagstofu Evrópubandalaganna) við árstíðarbundnar leiðréttingar á heildarvísitölum fyrir Evrópu á skilvirkan hátt.

Afhenda skal vísitöluraðir sem hér segir:

- a) óleiðréttar,

- b) vinnutímaleiðréttar eða
- c) árstíðar- og vinnutímaleiðréttar.

*2. gr.***Gæði**

1. Gæðaviðmiðanirnar, sem um getur í 1. mgr. 8. gr. reglugerðar (EB) nr. 450/2003, skulu fela í sér eftirfarandi atriði:

- a) mikilvægi,
- b) nákvæmni,
- c) innan tímamarka og á réttum tíma,
- d) aðgengi og skýrleika,
- e) samanburðarhæfi,
- f) samfellu og
- g) heilleika.

Innlend yfirvöld skulu tryggja að niðurstöðurnar gefi rétta mynd af aðstæðum sem varða atvinnustarfseminni og séu nægilega dæmigerðar.

2. Gæðaskýrslurnar, sem kveðið er á um í 2. mgr. 8. gr. reglugerðar (EB) nr. 450/2003, skulu afhentar framkvæmdastjórninni eigi síðar en 31. ágúst ár hvert og skulu fjalla um gögn til loka fjórða ársfjórðungs almanaksársins á undan. Afhenda skal fyrstu gæðaskýrsluna eigi síðar en 31. ágúst 2004.

3. Efni árlegu gæðaskýrslunnar um vísitölu launakostnaðar er sett fram í I. viðauka við þessa reglugerð.

*3. gr.***Aðlögunartímabil**

Ítarlegar upplýsingar um aðlögunartímabilin, sem kveðið er á um í 1. mgr. 9. gr. reglugerðar (EB) nr. 450/2003, eru settar fram í II. viðauka við þessa reglugerð.

*4. gr.***Hagkvæmniathuganir**

Ítarlegar upplýsingar um hagkvæmniathuganirnar, sem kveðið er á um í 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 450/2003, eru settar fram í III. viðauka við þessa reglugerð.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 169, 8.7.2003, bls. 37. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 31/2004 frá 19. mars 2004 um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbætur við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 22, 29.4.2004, bls. 19.

(¹) Stjtið. EB L 69, 13.3.2003, bls. 1.

5. gr.

Keðjutenging vísitölunnar

Laspeyres-formúlan fyrir keðjuvísitölu, sem skal nota við útreikninga á vísitölu launakostnaðar fyrir samsetningu bálka í atvinnugreinaflokkun Evrópubandalagsins, 1. endursk., sem um getur í viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 450/2003, er sett fram í IV. viðauka við þessa reglugerð.

6. gr.

Undanþágur

Undanþágur frá ákvæðum 2. mgr. 1. gr., sem eru samþykktar skv. 2. mgr. 9. gr. reglugerðar (EB) nr. 450/2003, eru settar fram í V. viðauka við þessa reglugerð.

7. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 7. júlí 2003.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Pedro SOLBES MIRA

framkvæmdastjóri.

I. VIÐAUKI

Í ársskýrslum um gæði vísitölu launakostnaðar skulu eftirfarandi atriði koma fram:

- a) rökstuðningur fyrir mikilvægi fyrir notendur:
- yfirlit þar sem fram kemur lýsing á notendum, uppruni þeirra og hvernig þörfum notenda er fullnægt og mikilvægi hagskýrslna fyrir notendurna,
- b) rökstuðningur fyrir nákvæmni (upplýsingar sundurliðaðar eftir bálkum atvinnugreinaflokkunar Evrópusambandsins, 1. endursk.)
- saga endurskoðunar: tafla sem sýnir endurskoðanir á birtum vaxtarhraða milli ára fyrir heildarlaunakostnað undanfarinna 12 ársfjórðunga sem gerðar hafa verið með óleiðréttum röðum og samantekt á ástæðum endurskoðananna,
 - umfang: tafla sem sýnir hlutfall þeirra launamanna sem úrtakið eða skráin nær til, sem byggist á fjölda launamanna samkvæmt evrópska þjóðhags- og svæðisreikningakerfinu í Evrópubandalaginu frá 1995 (ESA-’95) og, ef liðum launakostnaðar er safnað úr ýmsum heimildum, tafla þar sem launakostnaður er sundurliðaður skv. 2. mgr. 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 450/2003,
 - tíðni: tafla sem sýnir hversu oft upplýsingum um ýmsa kostnaðarliði er safnað eða þær uppfærðar,
 - áætlun: lýsing á þeim aðferðum sem notaðar eru til að áætla eða gera líkan að upplýsingum sem vantar (upplýsingar um hópa launamanna, fyrirtæki, atvinnustarfsemi og kostnaðarliði sem vantar) og mat, sem er eins meginlegt og unnt er, á þeim áhrifum sem upplýsingar, sem vantar, hafa á endanlegar tölur (upplýsingar um hópa launamanna, fyrirtæki, atvinnustarfsemi og kostnaðarliði sem vantar),
 - vinnustundir: lýsing á þeim aðferðum sem notaðar eru til að taka saman vinnustundir eða lýsing á áætlaðri mælingu á vinnustundum og mat, eins meginlegt og unnt er, á þeim áhrifum sem áætlaða mælingin hefur á endanlegar tölur,
 - stjórnsýslugögn: ef stjórnsýslugögn eru notuð, athugasemdir um samsvörun og mismun á milli hugtaka í stjórnsýslunni og fræðilegra hugtaka í tölfræðinni,
- c) innan tímamarka og á réttum tíma:
- tafla þar sem sýnd er töf, í dögum, á afhendingu gagna síðustu 12 ársfjórðunga, sem fjallað er um í skýrslunni, og samsvörun milli áætlaðs og raunverulegs afhendingardags,
- d) aðgengi og skýrleiki:
- lýsing á þeim miðlum þar sem gögnin og lýsigögnin eru birt í aðildarríkjunum,
- e) samanburðarhæfi:
- lýsing á mismun á hugtökum og aðferðum á milli sérhverra tveggja samfelldra ársfjórðunga frá og með fyrsta ársfjórðungi ársins 1996. Að auki, lýsing á mismuninum og eins meginlegt mat og unnt er, á þeim áhrifum sem breytingin hefur á áætlunina. Einnig skal tilgreina allan mismun á samanburðarhæfi bála atvinnugreinaflokkunar Evrópubandalagsins, 1. endursk.,
- f) samfella:
- línurit og tafla þar sem sýndur er árlegur óleiðréttur vaxtarhraði vísitölu heildarlaunakostnaðar (bálkar atvinnugreinaflokkunar Evrópubandalagsins, 1. endursk.) og vaxtarhraði launa og launatengdra gjalda á vinnustund samkvæmt ESA 95 (A6-sundurliðun), ásamt skýringum á vaxtarhraða næstliðinna 12 ársfjórðunga,
- g) heilleiki:
- framvinduskýrsla um framkvæmd reglugerðar (EB) nr. 450/2003 ásamt ítarlegri áætlun og tímaáætlun til að ljúka framkvæmdinni og yfirlit yfir þau frávik frá ESB-hugtökum sem eftir standa.
- Í fyrstu gæðaskýrslunni, sem ber að skila eigi síðar en 31. ágúst 2004, skulu eftirfarandi atriði koma fram varðandi gögn fyrir fyrri ár:**
- lýsing á þeim heimildum og aðferðum sem notaðar eru að því er varðar gögn fyrir fyrri ár,
 - lýsing á samsvörun á milli umfangs (atvinnustarfsemi, launþegar, kostnaðarliðir) gagna fyrir fyrri ár og núverandi gagna,
 - lýsing á samsvörun á milli gagna fyrir fyrri ár og núverandi gagna.

II. VIÐAUKI

ADLÖGUNARTÍMABIL ER VARÐA FRAMKVÆMD ÞESSARAR REGLUGERÐAR

Aðildarríki	Ákvæði varða	Grein	Aðlögunartímabil
Belgía	70 daga afhendingarfrest	6	2 ár
	Launakostnað á vinnustund	2	2 ár
Þýskaland	Bálka H, I og K í atvinnugreinaflokkun Evrópu-bandalagsins	3	2 ár
Grikkland	Öll ákvæði		2 ár
Spánn	70 daga afhendingarfrest	6	2 ár
Frakkland	Öll ákvæði		2 ár
Írland	Öll ákvæði		2 ár
Ítalía	Launakostnað á vinnustund	2	1 ár
	Gögn fyrir fyrri ár sem byggjast á vinnustundum	2,5	1 ár
	70 daga afhendingarfrest	6	1 ár
	Framlög vinnuveitanda til félagslegra kerfa að viðbættum sköttum sem hann greiðir, að frádregnum mótteknum styrkjum — án meðferðar skatta og styrkja (D4 og D5)	4	2 ár
Lúxemborg	Öll ákvæði		2 ár
Holland	Gögn fyrir fyrri ár frá 1996 til 2002	5	2 ár
	Framlög vinnuveitanda til félagslegra kerfa að viðbættum sköttum sem hann greiðir, að frádregnum mótteknum styrkjum — án meðferðar skatta og styrkja (D4 og D5)	4	2 ár
Austurríki	Bálka C, D, E og F í atvinnugreinaflokkun Evrópu-bandalagsins	3	1 ár
	Bálka G, H, I, J og K í atvinnugreinaflokkun Evrópu-bandalagsins	3	2 ár
Portúgal	70 daga afhendingarfrest	6	1 ár
Finland	Öll ákvæði		2 ár
Svíþjóð	Öll ákvæði		2 ár
Breska konungsríkið	Þátttöku Norður-Írlands	3	2 ár
	Þátttöku eininga með færri en 20 launamenn	3	2 ár
	Gögn fyrir fyrri ár	5	1 ár
	Leiðréttingar skv. vinnudegi	11	2 ár

III. VIÐAUKI

1. Hagkvæmniathugun til að meta hvernig hægt er að taka saman ársfjórðungslega vísitölu launakostnaðar fyrir bálka L, M, N og O í atvinnugreinaflokkun Evrópubandalagsins

Í hagkvæmniathugun aðildarríkis skulu einkum felast eftirfarandi atriði:

Bakgrunnurinn

Framlag sérhverrar atvinnustarfsemi til hagkerfis landsins, sett fram sem launakostnaður eða með annars konar viðeigandi mælikvarða.

Lýsing á því sem er líkt og ólíkt með samsetningu og þróun launakostnaðar fyrir þessa atvinnustarfsemi í samanburði við kostnaðarsamsetningu og -þróun í bálkum C til K í atvinnugreinaflokkun Evrópubandalagsins.

Möguleikarnir

Mat á venju í öðrum aðildarríkjum þar sem gögn fyrir þessa bálka atvinnugreinaflokkunar Evrópubandalagsins liggja þegar fyrir.

Mat á ýmsum möguleikum til að taka saman vísitölu launakostnaðar fyrir bálka L, M, N og O í atvinnugreinaflokkun Evrópubandalagsins til að afhenda megi gögn fyrir fyrsta ársfjórðung ársins 2007. Taka skal tillit til eftirfarandi gagnasafna:

- a) notkun núgildandi gagnasafna,
- b) stjórnsýsluheimildir,
- c) tölfræðilegar matsaðferðir og
- d) ný gagnasöfn.

Í matinu skulu koma fram ítarlegar upplýsingar um hvern möguleika sem er tekinn til greina að því er varðar tæknileg og lagaleg málefni, áætlaðan stofn- og rekstrarkostnað fyrir hagstofu landsins, áætlaðan kostnað við aukna fyrirhöfn fyrirtækja, áætluð tölfræðileg gæði niðurstaðanna, alla áhættu eða óvissu og sérstakan ávinning eða óhagræði.

Tilmælin

Á grundvelli mats á ýmsum möguleikum skal leggja fram tilmæli um þá nálgun sem hentar best.

Framkvæmdin

Upplýsingar um fyrirhugaða framkvæmdaáætlun, þ.m.t. um upphafsdag og lokadaga tiltekinna stiga í framkvæmd tilmælanna.

Aðildarríki sem framkvæma hagkvæmniathuganir

Eftirfarandi aðildarríki skulu framkvæma hagkvæmniathuganir um hvernig hægt er að taka saman ársfjórðungslega vísitölu launakostnaðar, sem er skilgreind í 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 450/2003 fyrir bálka L, M, N og O í atvinnugreinaflokkuninni:

- Danmörk
- Þýskaland
- Grikkland
- Spánn
- Frakkland
- Ítalía
- Austurríki
- Svíþjóð.

2. Hagkvæmniathugun til að meta hvernig hægt er að taka saman vísitölu sem sýnir heildarlaunakostnað að undanskildum kaupaukum

Í hagkvæmniathugun aðildarríkis skulu einkum felast eftirfarandi atriði:

Bakgrunnurinn

Framlag kaupauka til heildarlaunakostnaðar innanlands ásamt lýsingu á einkennum kaupaukagreiðslna í hagkerfi landsins.

Möguleikarnir

Mat á venju í öðrum aðildarríkjum þar sem gögn til að reikna vísitölu heildarlaunakostnaðar að undanskildum kaupaukum liggja þegar fyrir.

Mat á mismunandi möguleikum til að taka saman vísitölu launakostnaðar að undanskildum kaupaukum til að afhenda megi gögn fyrir fyrsta ársfjórðung ársins 2007. Taka skal tillit til eftirfarandi hugsanlegra gagnaheimilda:

- a) notkunar núgildandi gagnasafna,
- b) stjórnsýsluheimilda,
- c) tölfræðilegra matsaðferða og
- d) nýrra gagnasafna.

Í matinu skulu koma fram upplýsingar um hvern möguleika sem er tekinn til greina að því er varðar tæknileg og lagaleg málefni, áætlaðan stofn- og rekstrarkostnað fyrir hagstofu landsins, áætlaðan kostnað við aukna fyrirhöfn fyrirtækja, áætluð tölfræðileg gæði niðurstaðnanna, alla áhættu eða óvissu og sérstakan ávinning eða óhagræði.

Tilmælin

Á grundvelli mats á ýmsum möguleikum skal leggja fram tilmæli um þá nálgun sem hentar best.

Framkvæmdin

Upplýsingar um fyrirhugaða framkvæmdaáætlun, þ.m.t. um upphafsdag og lokadaga tiltekinna stiga í framkvæmd tilmælanna.

Aðildarríki sem framkvæma hagkvæmniathuganir

Eftirfarandi aðildarríki skulu framkvæma hagkvæmniathuganir um hvernig hægt er að taka saman vísitölu sem sýnir heildarlaunakostnað, að undanskildum kaupaukum, sem er skilgreind í 2. mgr. 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 450/2003:

- Þýskaland
- Grikkland
- Frakkland
- Ítalía
- Austurríki
- Portúgal
- Finnland
- Svíþjóð.

IV. VIÐAUKI

Laspeyres-formúlan fyrir keðjuvísitölu, sem skal nota við útreikninga á vísitölu launakostnaðar fyrir samsetningu bóla í atvinnugreinaflokkun Evrópubandalagsins, 1. endursk.:

1. Skilgreiningar:

w_i^j = launakostnaður á hverja vinnustund starfsmanna í bóla i í atvinnugreinaflokkun Evrópubandalagsins, 1. endursk., á ársfjórðungi t á ári j

ω_i^k = launakostnaður á hverja vinnustund starfsmanna í bóla i í atvinnugreinaflokkun Evrópubandalagsins, 1. endursk., á ári k

h_i^k = vinnustundir starfsmanna í bóla i í atvinnugreinaflokkun Evrópubandalagsins, 1. endursk., á ári k

$W_i^k = \omega_i^k * h_i^k$ = launakostnaður vegna starfsmanna í bóla i í atvinnugreinaflokkun Evrópubandalagsins, 1. endursk., á ári k .

2. Grunnformúla Laspeyres, sem skal nota við útreikninga á vísitölu launakostnaðar fyrir ársfjórðung árs j með grunnár k , er skilgreind sem hér segir:

$$LCI_{ij(k)} = \frac{\sum_i w_i^j h_i^k}{\sum_i \omega_i^k h_i^k} = \frac{\sum_i (w_i^j / \omega_i^k) \omega_i^k h_i^k}{\sum_i W_i^k} = \frac{\sum_i (w_i^j / \omega_i^k) W_i^k}{\sum_i W_i^k};$$

þar sem $1 \leq t \leq 4$.

3. Vogirnar, sem eru notaðar við útreikninga vísitölnunnar, eru skilgreindar sem hér segir:

$$\left\{ \frac{W_i^k}{\sum_i W_i^k} \right\};$$

þar sem W_i^k , i og k eru skilgreind í 1. lið þessa viðauka.

4. Árleg tenging fyrir ár 1 til árs $1 + 1$, þar sem $0 \leq 1 < 1 + 1 < j$, er skilgreind sem hér segir:

$$L_{1,1+1} = \frac{\sum_i \omega_i^{1+1} h_i^1}{\sum_i \omega_i^1 h_i^1};$$

5. Laspeyres-formúlan fyrir keðjuvísitölu fyrir ársfjórðung t á ári j með viðmiðunarár $k = 0$ og m tímabilið sem þarf til að vinna og beita nauðsynlegum árlegum vogum, þar sem $1 \leq m \leq 2$, er skilgreind sem hér segir:

$$LCI_{ij(0)} = 100 \cdot (L_{0,1}) \cdot (L_{1,2}) \cdot \dots \cdot (L_{j-m-1,j-m}) \cdot LCI_{ij(j-m)}.$$

6. Fyrsta viðmiðunarárið skal vera árið 2000 þar sem árleg vísitala launakostnaðar jafngildir 100.

V. VIÐAUKI

Undanþágur

Danmörk, Þýskaland, Frakkland og Svíþjóð: einungis skal afhenda vísitöluráðir sem hafa verið (b) vinnutímaleiðréttar og (c) árstíðar- og vinnutímaleiðréttar. Aðferðir við árstíðar- og vinnutímaleiðréttar skulu vera vel skjalfestar og framkvæmdastjórnin (Hagstofu Evrópubandalaganna) skal hafa aðgang að þeim.